


sem um 200 þúsund Íslendingar hafa farið um og þar sem verður án efa ein helsta samgönguæð miðhálandisins á næstu áratugum. Vegna mikillar umferðar um hálandisvegi á Suðurlandi er brýnt að takast megi að dreifa fermönnum meira til annarra landshluta, ekki síst Norðurlands. Því sker það mjög í augun að ekki sé tekið meira tillit til ferðamála í mati á vindmyllugarði á Auðkúluheiði.

7. Samkvæmt könnunum sem Landsvirkjun hefur kynnt leggja ferðamenn á Íslandi mikið upp úr ósnortnum víðernum á ferðalögum sínum. Ein könnun sýnir að 87% ferðamanna finnst ósnortin víðerni mikilvæg á ferðalögum. Vart er hægt að hugsa sér mannvirki sem skemma þessa upplifun ferðamanna meira en trölllegar vindmyllur í landslaginu. Má finna ótal vitnisburði ferðamanna í öðrum löndum sem vísa mætti til í þessum efnum. Skaði sem vindmyllur valda á ferðafjónustunni, sem er orðin ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar, er óafturkræfur og kemur fram í lægri þjóðartekjum og gjaldeyrstekjum þegar til lengri tíma er litið.
8. Að öllu samanlögðu verður ekki séð að tímabært sé að flokka vindmyllugarða sem eignalega virkjunarkosti. Til þess skortir of margar forsendur í áætlanir Landsvirkjunar.

Virðingarfyllst,



Jónas Guðmundsson